

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2020**2023/EES/13/26****frá 7. febrúar 2020****um breytingu á XVI. viðauka við EES-samninginn (Opinber innkaup)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1827 frá 30. október 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar viðmiðunarfráhræð vegna sérleyfa ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1828 frá 30. október 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar viðmiðunarfráhræðir vegna opinberra vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1829 frá 30. október 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar viðmiðunarfráhræðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1830 frá 30. október 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar viðmiðunarfráhræðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga ⁽⁴⁾.
- 5) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB):

„– **32019 R 1828:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1828 frá 30. október 2019 (Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 25).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB):

„– **32019 R 1829:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1829 frá 30. október 2019 (Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 27).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB):

„– **32019 R 1830:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1830 frá 30. október 2019 (Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 29.

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 6f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB):

„– **32019 R 1827**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1827 frá 30. október 2019 (Stjórið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/1827, (ESB) 2019/1828, (ESB) 2019/1829 og (ESB) 2019/1830, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.